


Óendurskoðuð reikningsskil - *er munur á áritunum viðurkenndra bókara og endurskoðenda?*



Erindi flutt á
Febrúarráðstefnu
Félags viðurkenndra
bókara 2013

Sigrún Guðmundsdóttir,
löggiltur endurskoðandi



Dagskrá

Almennt um ársreikninga

Áritun/undirritun á ársreikninga

Aðeins um fagstéttirnar

Hvernig eru óendurskoðaðir ársreikningar áritaðir? Dæmi.

Ýmis hugtök

Hvaða verklagsreglur gilda um aðstoð við gerð ársreikninga?

Gæðaeftirlit

Almennt um ársreikninga

Að semja ársreikning

22. gr. laga nr. 145/1994

- Þeir sem eru bókhaldsskyldir skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár
- Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Hann skal undirritaður af þeim sem bera ábyrgð á bókhaldinu.

Hvað er ársreikningur?

Tilgangur ársreiknings er að sýna rekstrarárangur yfir tiltekið tímabil og fjárhagslega stöðu í upphafi og loka tímabils auk breytinga á handbæru fé á því tímabili sem ársreikningurinn nær til.

3. gr. laga nr. 3/2006

- Stjórn og framkvæmdastjóri skulu bera ábyrgð á samningu ársreiknings fyrir hvert reikningsár og skal ársreikningur hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringar og skýrslu stjórnar..... Jafnframt skal fylgja ársreikningnum áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna. Ársreikningur með áritun endurskoðenda eða skoðunarmanna skal mynda eina heild.

Lög um ársreikninga og alþjóðlegir reikningsskilastaðlar

Áritun/undirritun á ársreikninga



Áritanir

Hverjir geta veitt aðstoð við að semja reikningsskil og áritað/undirritað þau?

- Endurskoðendur
- Skoðunarmenn/viðurkenndir bókarar

Stærðarmörk

Skoðunarmenn

Kröfur í 2. mgr. 32. gr. laga nr. 145/1994 og 2. mgr. 97. gr. laga nr. 3/2006

- Lögráða og fjár síns ráðandi
- Reynslu í bókhaldi og viðskiptaháttum með hliðsjón af starfsemi og stærð fyrirtækisins er nauðsynleg er til rækslu starfsins
- Hæfisskilyrði um endurskoðendur eiga við um skoðunarmenn

33. gr. laga nr. 145/1994

- Endurskoðendur og skoðunarmenn skulu hvenær sem er hafa aðgang að bókhaldi til að gera þær athuganir og kannanir sem þeir telja nauðsynlegar

Skoðunarmenn

34. gr. laga nr. 145/1994

- Ef kosinn er skoðunarmaður skal hann árita ársreikning. Þar skal koma fram að eignir þær og skuldir, sem tilgreindar eru í efnahagsreikningi, séu fyrir hendi og að breytingar á eigin fé séu í samræmi við bókhaldið. Þá skulu skoðunarmenn ganga úr skugga um að á reikningsárinu hafi verið farið eftir ákvörðunum félagsfunda og stjórnar um öflun, ráðstöfun og ávöxtun fjármuna og önnur atriði í rekstrinum.

2. mgr. 34. gr. laga nr. 145/1994

- Ef skoðunarmaður telur að nauðsynlegar upplýsingar vanti í ársreikning eða skýrslu stjórnar eða upplýsingar séu villandi og enn fremur ef hann telur að fyrir liggi atvik sem varðað geti stjórnendur ábyrgð skal hann vekja athygli á því í áritun sinni.
- Áritun skoðunarmanns telst hluti ársreiknings og skal varðveitt ásamt honum.



Skoðunarmenn

3. mgr. 34. gr. laga nr. 145/1994

- Skoðunarmenn mega ekki sitja í stjórn eða gegna stjórnunarstörfum fyrir félagið.

3. mgr. 99. gr. laga nr. 3/2006

- Skoðunarmaður má ekki vera skuldugur félaginu né njóta ábyrgða af þeirra hálfu.

Skoðunarmenn skulu endurskoða..

102. gr. laga nr. 3/2006

- Endurskoðendur eða skoðunarmenn skulu endurskoða ársreikninginn í samræmi við **góða endurskoðunarvenju** og í því sambandi kanna bókhaldsögn félagsins og aðra þætti er varða rekstur þess og stöðu

Samkvæmt lögunum eru ákvæði sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu



Ýmis ákvæði

Lög nr. 3/2006

- Ýmis ákvæði er varða endurskoðendur eða skoðunarmenn í IX. kafla.

Hæfisskilyrði skoðunarmanna

9. gr. laga nr. 18/1997

Vanhæfisástæður. Endurskoðanda er óheimilt að endurskoða hjá stofnunum og fyrirtækjum:

1. ef hann er að einhverju leyti ábyrgur fyrir skuldbindingum viðkomandi stofnana eða fyrirtækja,
2. ef hann er undir stjórn eða á annan hátt háður stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra, prókúruhafa eða þeim starfsmönnum sem annast eða hafa eftirlit með bókhaldi og fjármálum,
3. ef hann er eða hefur verið maki aðila skv. 2. tölul., skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar,
4. ef hann sjálfur, venslamenn hans skv. 3. tölul. eða næstu yfirmenn eiga meira en óverulegra hagsmuna að gæta hjá viðkomandi stofnun eða fyrirtæki,
5. ef hann er fjárhagslega háður þeim sem endurskoða á,
6. ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Endurskoðandi má ekki eiga hlut í fyrirtæki sem hann endurskoðar. Verði ytri atvik, svo sem arfur, gjöf eða samruni fyrirtækja, til þess að endurskoðandi eignist hlut í fyrirtæki umbjóðanda ber honum eins fljótt og auðið er og í síðasta lagi innan eins árs að losa sig við þann hlut eða vísa endurskoðunarverkefninu frá sér ella.

Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki má ekki í þrjú ár samfelld eiga stærri hluta en 20% af veltu sinni undir einum viðskiptavini sem hann eða það endurskoðar fyrir. Endurskoðendaráð getur veitt undanþágu frá þessari reglu. laga nr. 18/1997 um endurskoðendur

Óhæði endurskoðenda

19. gr. laga nr. 79/2008

Í endurskoðunarverkefnum skal endurskoðandi og endurskoðunarfyrirtæki vera óháð viðskiptavini sínum, bæði í reynd og ásýnd. Endurskoðandi skal eigi framkvæma endurskoðun ef einhver þau tengsl eru á milli endurskoðandans og viðskiptavinar hans sem eru til þess fallin að vekja efa um óhæði hans hjá vel upplýstum þriðja aðila, svo sem atvinnutengsl, bein eða óbein fjárhagsleg tengsl eða viðskiptatengsl önnur en leiðir af endurskoðuninni.

Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.

Við mat á óhæði skal endurskoðandi fylgja ákvæðum siðareglna sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur sett, sbr. 1. tölul. 13. gr. Skjalfesta skal í vinnuskjölum við endurskoðunina allar alvarlegar ógnanir gagnvart óhæði og tilgreina viðeigandi verndarráðstafanir.

Endurskoðandi einingar tengdrar almannahagsmunum skal á hverju ári:

1. staðfesta skriflega við endurskoðunarnefnd viðkomandi einingar að hann sé óháður hinni endurskoðuðu einingu,
2. greina endurskoðunarnefndinni frá þeirri þjónustu sem einingunni er veitt auk endurskoðunar,
3. ræða við endurskoðunarnefndina um hugsanlega ógnun við óhæði sitt og þær verndarráðstafanir sem gerðar eru til að draga úr slíkri ógnun.

Frumvarp til breytinga á lögum nr. 3/2006

Óhæðisskilyrði 1. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 79/2008 um endurskoðendur eiga einnig við um skoðunarmenn. Skoðunarmaður má ekki vera skuldugur félaginu né njóta ábyrgðar af hálfu þess.

Aðeins um fagstéttirnar

Ábyrgð og hlutverk endurskoðanda

Lög um endurskoðendur nr. 79/2008

Endurskoðandi: Sá sem hefur þekkingu til að gefa hlutlaust og áreiðanlegt álit á reikningsskilum og öðrum fjárhagsupplýsingum, hefur löggildingu til starfa við endurskoðun og fullnægir að öðru leyti skilyrðum laga þessara.

Til að hljóta löggildingu sem endurskoðandi

- Meistaránám í endurskoðun og reikningsskilum
- Þriggja ára starfspjálfun við endurskoðun
- Standast sérstakt löggildingarpróf

Til að viðhalda réttindum sínum þarf endurskoðandinn að uppfylla kröfur um endurmenntun sem eru að lágmarki 120 klst. á þriggja ára tímabili.



Ábyrgð og hlutverk endurskoðanda

Endurskoðunarfyrirtæki skulu hafa formlegt gæðakerfi

Endurskoðendum er skylt að hafa starfsábyrgðartryggingu

Skylduaðild að FLE (Félag löggiltra endurskoðenda)

Siðareglur FLE hafa lagagildi og þurfa staðfestingu ráðherra

Endurskoðendaráð hefur eftirlit með störfum endurskoðenda

Skylt er að endurskoða í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.

Ýmis önnur lög

Ábyrgð og hlutverk endurskoðanda

Ábyrgð og hlutverk

- Ákvarðast í lögum og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (ISA).

Hlutverk: að staðfesta upplýsingar sem birtast í ársreikningnum

Ábyrgð: felst í því álitum sem þeir láta í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar



Viðurkenndur bókari

Hljóta réttindi sem viðurkenndir bókarar samkvæmt ákvæðum laga nr. 145/1993.

Námslengd: 1 önn - 3*30 klst.

Efnispættir í námi:

- Reikningshald
- Skattskil
- Upplýsingakerfi

Endurmenntunarkröfur í lögum FVB

FVB sambærilegt FLE fyrir endurskoðendur?

Viðurkenndur bókari

Úr frumvarpi:

„Í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir að búin verði til ný lögvernduð stétt manna heldur er gert ráð fyrir að stjórnvöld hlutist til um að haldin verði námskeið og síðan próf þar sem þeir sem þess óska geta sannreynt fagþekkingu sína í bókfærslu, reikningsskilum og skattarétti og fengið síðan opinbera staðfestingu á þeirri þekkingu“

Af hverju ekki lögverndað heiti?

“Ástæðan er sú að verkefni þau sem hér um ræðir eru núna framkvæmd af hópi manna sem alls ekki er samstæður eða sambærilegur innbyrðis. Þykir því rétt að fara varlega í lögverndun á þessu stigi.“

Hvernig eru óendurskoðaðir ársreikningar
áritaðir?



Dæmi um áritanir

Áritun

Meðfylgjandi ársreikningur 2011 fyrir X ehf. sem samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, fjárhagsstreymi og skýringum, er saminn af mér eftir bókum félagsins.

Engin endurskoðun hefur farið fram af minni hálfu.

XX 2012

Dæmi um áritanir

Áritun bókara

Til stjórnar og hluthafa X ehf.

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið X ehf. kt: xxxxxx-xxxx.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn fyrirtækisins við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórn þess.

Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnenda félagsins og lagður fram í samræmi við starfsskyldur þeirra.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

XXX 2010

XX

viðurkenndur bókari

Dæmi um áritanir

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa X ehf.

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir fyrirtækið X ehf. kt: xxxxxx-xxxx

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórn fyrirtækisins við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum frá stjórn þess. Ég hef tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.

Ég hef ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli og koma þar fram.

XXX 2007

XX

viðurkenndur bókari

Dæmi um áritanir

Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar og hluthafa X ehf.

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings X ehf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðstreymi og skýringar nr. 1-6. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða stjórnendur X ehf. við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum og hef ég yfirfarið framsetningu hans í heild.

Ég hef ekki endurskoðað ársreikninginn og þar af leiðandi ekki sannreynt grundvöll hans.

XXX 2011

X

Skoðunarmaður



Dæmi um áritanir

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa X ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings X ehf. fyrir árið 2011 í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, um gerð óendurskoðaðra reikningsskila. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda X ehf. Samkvæmt lögum um ársreikninga eru stjórnendur félagsins ábyrgir fyrir ársreikningnum. Við höfum ekki endurskoðað eða kannað ársreikninginn og látum því ekki í ljós álit á honum.

XXX 2012

löggiltur endurskoðandi

Dæmi um áritanir

Áritun skoðunarmanns

Til stjórnenda X ehf.

Ég hef farið yfir ársreikning X ehf. fyrir árið 2011, en hann samanstendur af rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, skýringum og sundurliðunum. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum xx og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli yfirferðarinnar. Ársreikningurinn hefur ekki verið endurskoðaður.

Skoðun mín á ársreikningnum byggist á lögum um bókhald og ársreikninga svo og góðri reikningsskilavenju á Íslandi. Var vinnan skipulögð þannig að nægilega víska fengist um það að ársreikningurinn væri án verulegra annmarka. Í samræmi við það voru einstök gögn xx athuguð með úrtakskönnun til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Jafnframt var kannað hvort eignir og skuldir væru raunverulega til staðar og hvaða reglum hefði verið fylgt við mat þeirra. Að lokinni þessari athugun tel ég að yfirferð ársreikningsins sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu xx á árinu 2011, efnahag hennar 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Xxx 2012

Ýmis hugtök

Ýmis hugtök

Góð bókhalds-, skoðunar- og reikningsskilavenja

Góð endurskoðunarvenja

Viðurkenndar aðferðir við gerð ársreikninga

Viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga

Sérstök skoðun á ákveðnum liðum

Yfirfara framsetningu

Yfirferð ársreiknings

Reikningshaldslegt innra eftirlit í viðskiptaferlum

Hvaða verklagsreglur gilda um aðstoð við gerð ársreikninga

Áritun endurskoðenda á óendurskoðuð reikningsskil

Er ljóst hvaða kröfur eru gerðar?

- Lög og reglur
- Siðareglur
- ISQC1 - staðall um gæðakerfi
- ISRS 4410 - staðall um aðstoð við gerð reikningsskila




Aðstoð við gerð ársreiknings

Markmið með aðstoð við gerð ársreiknings er að endurskoðandi noti faglega þekkingu sína á gerð reikningsskila til að safna saman, flokka og setja fram fjárhagslegar upplýsingar.

Markmið með aðstoðinni er ekki að afla upplýsinga og gagna til stuðnings áliti á framsetningu reikningsskilanna.

Structure of the IAASBs Technical Pronouncements



Áritanir endurskoðenda

- Fyrirvaralaus áritun
- Fyrirvaralaus áritun með ábendingarmálgrein
- Áritun með fyrirvara
- Áritun án álits
- Neikvæð áritun
- Könnun
- Áritun á óendurskoðuð reikningsskil



Áritun á óendurskoðuð reikningsskil

Í áritun skal greint frá að aðstoð við gerð ársreiknings hafi verið framkvæmd í samræmi við staðal ISRS 4410.

Aðrir en endurskoðendur hafa ekki heimild til að vitna í endurskoðunarstaðal ISRS 4410.

Breytingar á lögum nr. 3/2006 um ársreikninga

Í frumvarpi hafa verið gerðar breytingartillögur á þeim greinum laganna sem leggja störf endurskoðenda og skoðunarmanna að jöfnu

- Í samræmi við ný lög um endurskoðendur nr. 79/2008
- Lög nr. 79/2008: Aðrir en þeir sem fá löggildingu ráðherra geta ekki endurskoðað reikningsskil og áritað þau í samræmi við endurskoðun.

Lagt er til að:

- Skoðunarmenn „undirriti“ ársreikning í stað þess að „árita“ ársreikning
- Skoðunarmenn „yfirfari“ ársreikning í stað „endurskoða“

ISRS 4410 - Aðstoð við gerð reikningsskila

Áhersla á samskipti

- Ráðningarbréf
- Álitamál
- Matskenndir liðir

Siðareglur

- Fara eftir siðareglum, sjá siðareglur endurskoðenda
- Ekki kröfur um óhæði

Faglegt mat

Gæðaeftirlit

- Samþykkt nýrra og áframhaldandi verkefna
- Fagleg hæfni og geta
- Skráning vinnu

Áritun

- Tilvísun í ISRS 4410

Gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda

Lög, reglur og staðlar

Af hverju gæðaeftirlit?

Markmið gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda er að tryggja að endurskoðendur og endurskoðunarfyrirtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laga nr. 79/2008 um endurskoðendur, siðareglur FLE og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda



Gæðaeftirlit

Gæðaeftirlit á stöfum endurskoðanda breyttist með lögum nr. 79/2008 og er nú stýrt af Endurskoðendaráði

◦

Áður var gæðaeftirlitinu stýrt af FLE

Skylduaðild

Ákvæði laga um gæðaeftirlit

22. gr. laga nr. 79/2008

- Endurskoðunarfyrirtækjum og endurskoðendum sem þar starfa og sjálfstætt starfandi endurskoðendum er skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á 6 ára fresti
- Ef endurskoðendur annast endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum, þá eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti
- Endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki skal veita þeim sem sinnir gæðaeftirliti nauðsynlega aðstoð og aðgang að upplýsingum
- Endurskoðendaráð skal árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlits

Reglur um framkvæmd gæðaeftirlits - settar af endurskoðendaráði

Gæðaeftirlit

Aðdragandinn, sjá t.d. grein í Viðskiptablaðinu 24. október 1991:

- Á síðustu misserum hefur það sjónarmið oft komið fram að auka þurfi samræmi í endurskoðun og reikningsskilum íslenskra fyrirtækja
- Lánastofnanir hafa hert eftirlit með vinnubrögðum endurskoðenda á undanförnum misserum í þeirri viðleitni að draga úr áhættu við lánveitingar
- FLE ákvað á aðalfundi í nóvember 1990 að fara af stað með gæðaeftirlit
- Tilgangur þessa gæðaeftirlits er að samræma vinnubrögð endurskoðenda við endurskoðun og gerð reikningsskila en einnig að styrkja stöðu þeirra með því að stuðla að því áliti lesenda reikningsskila að það skipti máli hvort reikningsskil séu árituð af löggiltum endurskoðendum eða ekki.
- Félagið taki á brotum félagsmanna og bæti þeir ekki ráð sitt verði unnt að vísa þeim úr félaginu.

Er þörf á gæðaeftirliti meðal félagsmanna FVB?

